

Tillaga til þingsályktunar

um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll.

Flm.: Vilhjálmur Árnason, Haraldur Benediktsson, Guðbrandur Einarsson,
Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Ásmundur Friðriksson,
Guðrún Hafsteinsdóttir, Njáll Trausti Friðbertsson.

Alþingi ályktar að fela innviðaráðherra að skoða hvort á Hornafjarðarflugvelli sé nægjanlegur búnaður og aðstaða til að hægt sé að sinna þáðan millilandaflugi með minni farþegaflugvélum og vélum í ferjuflugi sem núna hafa heimild til þess að fljúga um völlinn.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur áður verið flutt á 141.–146. og 148. löggjafarþingi (149. mál), 149. löggjafarþingi (131. mál), 150. löggjafarþingi (67. mál) og 151. löggjafarþingi (115. mál).

Hornafjarðarflugvöllur gegnir mikilvægu hlutverki í samgöngukerfi landsins. Mikilvægt er að skoða áframhaldandi rekstur og uppbyggingu á svæðinu til hagsbóta fyrir heimamenn og atvinnulífið. Ljóst er að staðsetning vallarins býður upp á mikla möguleika til aukinnar umferðar ferðamanna, sérstaklega í kjölfar tilkomu Vatnajökulsþjóðgarðs. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að skoða hvort til staðar sé nægjanlegur búnaður og aðstaða til að hægt sé að sinna þáðan millilandaflugi.

Í janúar 2008 unnu Flugstoðir greinargerð að beiðni sveitarstjórna og annarra hagsmunaaðila til að kanna möguleika á að gera flugvöllina á Ísafirði, Vestmannaeyjum og Höfn að millilandaflugvöllum, til hvaða ráðstafana þyrfti að grípa til að slíkt gæti orðið að veruleika og hver kostnaðurinn við breytingar af þessu tagi gæti orðið. Í greinargerðinni kemur fram að gera þarf endurbætur á öryggis- og eftirlitsþáttum á umræddum flugvöllum þannig að hægt verði að taka á móti minni farþegaflugvélum í millilandaflugi og vélum í ferjuflugi. Í greinargerðinni eru möguleikar og kostnaðaráhrif þessara ráðstafana metin en í aðalatriðum eru þrjár reglugerðir sem taka þarf tillit til. Gera þarf breytingar á viðauka 1 við reglugerð nr. 866/2017, um för yfir landamæri, með síðari breytingum, og bæta Hornafjarðarflugvelli við lista yfir skilgreindar landamærastöðvar. Auk þess þarf að uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 75/2016, um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008, með síðari breytingum, vegna mannvirkja og vegna öryggisstjórnunarkerfis og flugvallarskírteinis og skilyrði reglugerðar nr. 750/2016, um flugvernd, með síðari breytingum.

Við vinnslu tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015–2018 sagði þáverandi meiri hluti umhverfis- og samgöngunefndar í nefndaráliti vert að skoða að veita minni vélum í millilandaflugi heimild til að lenda, m.a. á Hornafirði. Það gæti hjálpað mikið til við dreifingu ferðamanna auk þess að minnka álag á Keflavíkurflugvelli og auka öryggi í flugi yfir landið (145. löggjafarþing, þskj. 1679, 638. mál). Þá áréttaði þáverandi meiri hluti umhverfis- og samgöngunefndar málefni Hornafjarðarflugvallar í áliti sínu við vinnslu tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019–2023 og til-

lögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019–2033. Sagði meiri hlutinn að veita ætti minni vélum í millilandaflugi heimild til að lenda á Hornafirði. Slíkt gæti hjálpað mikið til við dreifingu ferðamanna auk þess sem það minnkar álag á Keflavíkurlflugvelli og eykur öryggi í flugi eins og rannsóknarnefnd samgönguslysa hefur bent á í skýrslum sínum (149. löggjafarþing, þskj. 879, 172. og 173. mál).

Flutningsmenn leggja áherslu á mikilvægi þess að ráðist verði sem fyrst í að skoða hvort á Hornafjarðarflugvelli sé nægjanlegur búnaður og aðstaða til að hægt sé að sinna þáðan millilandaflugi með minni farþegaflugvélum og vélum í ferjuflugi til að treysta enn frekar atvinnulíf í Hornafirði og nágrenni og stuðla að frekari uppbyggingu og vexti Vatnajökuls-þjóðgarðs.